

Mánudaginn 15. júní 1970.

Nr. 80/1970. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Ólafi Sigurði Steingrímssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson, Gunnar Thoroddsen og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Bifreiðar. Sýknað af ákæru um brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Eysteinnsson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm, en hann hafði með höndum rannsókn málsins frá því um haustið 1966.

Ákærði er sakaður um akstur bifreiðar með áhrifum áfengis hinn 4. september 1964. Var hann þá fluttur á lög-reglustöðina í Reykjavík, þar sem tekin var af honum varðstjóráskýrsla. Ákærði kom fyrir dóm hinn 5. nóvember 1965. Var hann þá yfirheyrður lítillega. Síðan var ákæra gefin út hinn 20. nóvember 1965. Var hún birt ákærða í þinghaldi 14. janúar 1966. Ákærði kom síðan fyrir dóm hinn 25. febrúar 1966. Var hann þá fyrst skilmerkilega yfirheyrður. Síðan var ekkert dómþing háð í málinu fyrr en hinn 4. apríl 1968. Þetta niðurfall á rannsókn málsins leiðir til fyrningar sakar samkvæmt 1. tl. 81. gr. og 2. mgr. 82. gr. laga nr. 19/1940. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allan kostnað sakarinnar ber að dæma á hendur ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 4.000.00 og kr. 10.000.00.

Ber að víta hina óhæfilegu málsmeðferð í héraði.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Sigurður Steingrímsson, á að vera sýkn að kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dómur sakadóms Kópavogs 19. apríl 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., er höfðað af saksóknara ríkisins með ákæruskjali, útgefnu 20. nóvember 1965, á hendur Ólafi Sigurði Steingrímssyni bifreiðarstjóra, Víghólastíg 13 í Kópavogi, fæddum 11. desember 1937 að Hamraendum í Stafholtstungum, fyrir að aka aðfaranótt föstudagsins 4. september 1964 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 2625 frá Elliðaám í Reykjavík vestur Suðurlandsbraut og um Gnoðarvog, þar til lögreglan stöðvaði akstur ákærða.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem er fæddur 11. desember 1937 að Hamraendum í Stafholtstungum, hefur sætt kærur og refsingum sem hér segir:

- 1960 28/3 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot gegn 46. gr. lögreglusamþykktar.
- 1960 27/5 í Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir brot gegn 26. gr. umferðarlaga.
- 1960 27/10 í Reykjavík: Sátt, 7.000 kr. sekt fyrir brot gegn 18. og 19. gr. áfengislaga.
- 1960 9/11 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.
- 1961 12/10 í Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir umferðarslys.
- 1962 28/2 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ökuhraða.

- 1962 22/11 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.
- 1963 17/4 Áminning fyrir ölvun.
- 1963 15/11 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlaga-brot.
- 1964 17/2 í Reykjavík: Dómur: 6.000 kr. sekt, sviptur bílstjóra-réttindum og atvinnuleyfi bílstjóra í 4 mánuði fyrir brot á 18., sbr. 39. gr. áfengislaga, en sýknaður af meintu broti gegn 1. mgr. 247. gr. hegningarlaga.
- 1964 7/10 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir umferðarlaga-brot.
- 1967 30/1 í Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á 45. og 50. gr. umferðarlaga.
- 1967 17/5 í Reykjavík: Sátt, 3.600 kr. sekt fyrir brot gegn 261. gr. hegningarlaga.

Málavextir eru þessir helztir:

Föstudaginn 4. september 1964, um kl. 0440, voru lögregluþjónar nr. 58 og 113 í Reykjavík á eftirlitsferð um Reykjavík. Á Suðurlandsbraut austan Elliðaár veittu þeir athygli bifreiðinni R 2625, sem var ekið vestur Suðurlandsbraut. Veittu þeir bifreið þessari eftirför og stöðvuðu hana í Gnoðarvogi. Höfðu þeir tal af ökumanni, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, og virtist lög-regluþjónunum ákærði strax vera ölvaður, enda lagði talsverðan vínþef frá vitum hans.

Ökumaður og bifreið hans voru færð á lögreglustöðina.

Ákærði var síðan færður á slysavarðstofuna til blóðtöku, og var tekið þar úr honum blóð til alkóhólákvörðunar kl. 0545 samkvæmt blóðtökuvottorði og blóðsýnishornið merkt nr. 490.

Þar, sem segir í skýrslu varðstjóra um útlit og önnur einkenni ákærða, kemur fram, að lítils háttar áfengisþefur hefur verið af andardrætti ákærða, andlit hans hefur verið fölt, augu rauð og framburður hans ruglingslegur, en að öðru leyti hefur ákærði verið eðlilegur. Auk þess kemur fram, að öndunarprufa hefur sýnt 3—4 stig.

Varðstjóri tekur fram í lok skýrslu sinnar, að ákærði hafi ekki viðurkennt áfengisáhrif, en haft einkenni áfengisáhrifa.

Ákærði kom fyrir sakadóm Reykjavíkur 5. nóvember 1965.

Ákærði kveðst hafa verið á leið með stúlku að Gnoðarvogi 26 og kvaðst hafa verið að koma frá Elliðaánum (Rafstöðinni).

Ákærði kveðst hafa drukkið þar í bifreiðinni erlent áfengt öl, eina flösku ásamt stúlkunni.

Ákærði kveðst ekki hafa merkt áfengisáhrif við aksturinn.

Föstudaginn 25. febrúar 1966 kom ákærði fyrir sakadóm Kópavogs til skýrslutöku samkvæmt beiðni verjanda ákærða, sem þá hafði verið skipaður Kristinn Sigurjónsson héraðsdómslögmaður, nú hæstaréttarlögmaður.

Kvað ákærði rétt eftir sér haft í réttarhaldi hjá sakadómi Reykjavíkur.

Ákærði skýrði svo frá, að morguninn áður en umræddur atburður átti sér stað, þ. e. a. s. skömmu fyrir hádegi fimmtudagsins 3. september, hefði hann neytt einhvers magns af whisky og kvaðst hafa fundið á sér nokkra breytingu eftir þá drykkju.

Ákærði kveðst síðan hafa lagzt til svefns og sofið, að því er ákærða minnti, fram undir kl. 1900—2000.

Ákærði kvaðst ekki hafa fundið til neinna áfengisáhrifa, er hann vaknaði, og kvaðst ekki hafa neytt neinna áfengra drukkja, fyrr en hann neytti hins áfenga öls í bifreið sinni, eins og hann kvaðst hafa skýrt frá í réttarhaldi fyrir sakadómi Reykjavíkur.

Ákærði kvaðst hafa verið á þessu tímabili nokkuð illa kvefaður og verið búinn að vera þannig í nokkra daga, þegar umræddur atburður átti sér stað. Taldi ákærði m. a. líklegt, að augu sín hefðu verið rauð vegna þess kvefs, en gæti einnig stafað af reykt frá vindlingum. Ákærði sagði, að sér hefði verið bent á það, að gott ráð við kvefi væri að taka C-vítamín, og kvaðst ákærði hafa verið búinn að taka það 3 daga í röð, 30 stk. í hvert sinn, síðast að kvöldi fimmtudagsins 3. september, áður en hann fór til vinnu.

Ákærði skýrði nánar aðspurður svo frá, að sig minnti, að hann hefði drukkið um það bil eða tæplega hálfa þriggja pela flösku af whisky fyrir hádegi fimmtudaginn 3. september, en ítrekaði, að hann hefði algerlega verið laus við áfengisáhrif, er hann vaknaði um kvöldið, og kvaðst hafa borðað fulla máltíð, eftir að hann vaknaði, og ekki farið út í akstur fyrr en kl. 200—2300.

Ákærði kvaðst hafa hitt vinkonu sína, Alice Smith, um kl. 0100 og ekið með henni inn að Elliðaám, þar sem þau drukku úr einni flösku af erlendu öli. Ákærði kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa af þessari drykkju.

Verjandi ákærða óskaði eftir því, að leitað yrði umsagnar Læknaráðs um það, hvort inntaka svo mikils magns af C-vítamíni, sem hér um ræðir, geti valdið því, að fram komi reducerandi efni við rannsókn á blóði mannsins.

Leitað var álits héraðslæknisins í Kópavogi með bréfi, dagsettu 7. marz 1966.

Segir svo orðrétt í áliti hans, dagsettu 22. marz 1966:

„Pegar mælt er áfengismagn í blóði, eru mæld reikul (volatile) efni í blóðinu, sem hafa reducerandi áhrif. Á þá mælingu á C-vitámín, askorbínsýra, ekki að geta haft áhrif“.

Með bréfi, dagsettu 25. marz 1966, var verjanda ákærða send álitsgerð héraðslæknisins.

Með bréfi, dagsettu 13. júní 1966, bað verjandi um, að álit héraðslæknisins yrði borið undir Læknaráð.

Málið lá nú að mestu niðri í rúmt ár, þar sem það lagðist ranglega til vegna mannaskipta við embættið.

Með bréfi, dagsettu 15. nóvember 1967, var verjanda gert að skila skriflegri vörn í málinu, þar sem engin önnur skoðun á áliti héraðslæknisins lá fyrir.

Með bréfi, dagsettu 12. febrúar s.l., voru ítrekuð tilmæli til verjanda um að skila skriflegri vörn.

Með bréfi, dagsettu 1. marz 1968, bað verjandi um framhaldsrannsókn, sem skyldi beinast að framkvæmd blóðtökkunar.

Þann 4. apríl mætti verjandi svo loks og skilaði skriflegri vörn í málinu.

Af hálfu ákærða er krafizt algerrar sýknu.

Ákærði byggir sýknukröfu sína á því, að ekki sé hægt að styðjast við niðurstöðu alkóhólrannsóknar, þar sem hún sýni mikla ölvun, en ákærði hafi ekki verið mikið ölvaður samkvæmt lýsingu varðstjóra á útliti hans.

Einnig byggir hann sýknukröfu sína á því, að eigi er lögð fram blóðprufan, sem tekin var af ákærða, og hún samprófuð við blóð ákærða.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni R 2625 frá Elliðaám í Reykjavík vestur Suðurlandsbraut og um Gnoðarvog, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans.

Ákærði var færður í blóðtöku til alkóhólrannsóknar kl. 0545, eða um það bil klukkutíma eftir að akstri hans lauk. Blóðsýnishornið var merkt nr. 490. Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar á blóðsýnishorni nr. 490 reyndust vera í blóðinu reducerandi efni, er samsvara 1.71% af alkóhóli.

Í varðstjóráskýrslu kemur fram, að ákærði hafi haft á sér ein-kenni áfengisáhrifa auk þess sem lítills háttar áfengisþefur var af andardrætti hans.

Samkvæmt framanrituðu verður að telja sannað þrátt fyrir

neitun ákærða um áfengisáhrif, að ákærði hafi gerzt sekur um atferli það, er honum er gefið að sök í ákæruskjali og er þar réttilega heimfært til refsíákvæða.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 80 gr. umferðarlaga hæfilega ákveðin 10 daga varðhald.

Þá ber og samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuréttindum í 1 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hans, Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, en þau teljast hæfilega ákveðin kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Sigurður Steingrímsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 1 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði sakarkostnað allan, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda síns, kr. 4.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 16. júní 1970.

Nr. 44/1970. **Kári Einarsson og Agnar Árnason**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Gesti Gíslasyni

(Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 26. febrúar 1970 og krefjast þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og viðurkenndur verði réttur þeirra til að fá upp-